

**Sp.**

### **38. Tillaga til þingsályktunar**

um beitumál vélbátaútvegsins.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa, svo fljótt sem unnt er, í samráði við Fiskifélag Íslands, löggjöf um skipulagningu beitumála vélbátaútvegsins, og miði hún að því að tryggja, að ávallt sé til í landinu næg og góð beita við eðlilegu verði.

#### **Greinargerð.**

Vélbátaútgerð er aðalvinnuvegur flestra þorpa og bæja á landinu. Alls staðar við strendur landsins eru fiskveiðar stundaðar á vélbátum, ýmist opnum og litlum bátum eða stórum og þiljuðum. Útgerð þessi er einkum linuútgerð, en frumskilyrði hennar er, að ávallt sé fyrir hendi næg og góð beita. Mjög hefur viljað breyta á, að svo væri, og oft hefur beituleysið orsakað veiðistöðvun í heilum verstöðvum og jafnvel landsfjórðungum. Slik veiðistöðvun, sem eingöngu stafar af skipulagsleysi þessara mála, er þungbær fyrir þá, sem þessa atvinnu stunda, og oft getur hún einnig bakað þjóðarheildinni tilfinnanlegt tjón. En vandræðin í beitumálum smáútvegsins hafa ekki eingöngu takmarkast við beituvöntun, heldur hefur einnig allmikið borið á því, að sú beita, sem seld er, sé lítt nothæf eða ónothæf og eins því, að verðlagið sé í engu samræmi við gjaldþol útgerðarinnar. Augljóst dæmi um skipulagsleysi þessara mála er, að einmitt nú, eftir mesta síldveiðiárið, sem yfir landið hefur gengið, skortir allverulega beitu fyrir komandi vetrarvertíð. Og verðlag á þeirri beitu, sem fáanleg hefur verið, er svo hátt, að telja má ókleift að reka útgerð með þeirri beitu, nema landburður sé af fiski. Það getur orðið alvörumál, ef vélbátaflotinn, sem í vetur á að stunda veiðar, þarf að liggja tímunum saman óstarfhæfur vegna beituleysis eða allt of dýrrar beitu. Í sumar hefur beita víða um land verið svo dýr, að stappað hefur nærri, að útgerðin stöðvaðist af þeim sökum, og fullvíst er, að ekki hefur verið stundað af eðlilegum krafti vegna óhæfilegs beitu-kostnaðar.

Viða í fiskiþorpum úti um land eru engar beitugeymslur, og háir það eðlilega línuútgerðinni. Úr slíku þarf að bæta, og er rétt, að ríkið styrki félagssamtök útgerðarmanna til að koma upp beitugeymslum um leið og reynt verður að skipuleggja beitumál vélbátaútvegsins.

Öllum má vera það ljóst, að verulega breytingu verður hér á að gera. Ríkið getur ekki lengur látið þessi mál afskiptalaus og því hlýtur að bera skylda til að fá úr þessu bætt. Það eru hagsmunir þjóðarheildarinnar, að þessi atvinnugrein eins og aðrar geti gengið eðlilegan gang, og það er eðlilegt, að með löggjöf verði þýðingarmikil skipulagsmál hennar tryggð eins og ýmissa annarra atvinnugreina. Það verður að fela einhverjum aðila að fylgjast nákvæmlega með beitubirgðum á landinu á hverjum tíma og gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að fryst verði í lok hverrar sildarvertíðar nægilega mikil sild til beitu. Einnig þarf að lögskipa, að öll beita, sem seld er, sé metin, svo tryggt sé, að beitan sé góð og ekki fylgi beitu, sem seld er eftir vigt, óeðlilega mikill klaki, eins og nú á sér mjög oft stað. Þá verður og að setja rannar skorður við okri á beitu.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti semja lög, sem fá úr þessu bætt, og verði þau lög samin í samráði við Fiskifélag Íslands.

Fiskifélagið hefur margsinnis rætt þessi vandamál vélbátaútvegsins og t. d. skorað á Alþingi að setja lög um mat og sölu á beitusild. Fiskifélaginu eru vel kunnug þessi mál, og virðist því sjálfsgagt, að það leggi hönd að samningu laga hér um, enda hefur forseti Fiskifélagsins tjáð mér, að með þáttill. þessari væri stefnt í þá átt, er Fiskifél. óskaði.